



**Framkvæmdin:  
Vestfjarðavegur (nr. 60)  
Bjarkalundur – Eyri  
í Reykhólahreppi  
í Austur - Barðastrandarsýslu**

**Tillaga að matsáætlun  
fyrir mat á umhverfisáhrifum**

**Umsjón: Kristján Kristjánsson Deildastjóri**  
**Framkvæmd: Vegagerðin**  
**Ráðgjafi: Náttúrustofa Vestfjarða**

**Ísafjörður desember 2003**

**EFNISYFIRLIT**

<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	<b>2</b>
<b>0. INNGANGUR</b> .....	<b>4</b>
<b>1. FRAMKVÆMDIN</b> .....	<b>4</b>
<b>1.1 Tilgangur framkvæmdarinnar</b> .....	<b>4</b>
<b>1.2 Markmið og afmörkun framkvæmdarinnar</b> .....	<b>4</b>
<b>1.3 Leiðaval</b> .....	<b>5</b>
<b>1.4 Skipting framkvæmdarinnar og matskýrslu</b> .....	<b>5</b>
<b>1.5 Matskylda</b> .....	<b>6</b>
<b>1.6 Önnur leyfi</b> .....	<b>6</b>
<b>1.7 Tímaáætlun</b> .....	<b>7</b>
<b>1.7.1 Framvinda</b> .....	<b>7</b>
<b>1.7.2 Matsferli</b> .....	<b>7</b>
<b>2. MÖGULEG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDARINNAR</b> .....	<b>7</b>
<b>2.1 Staðhættir</b> .....	<b>7</b>
<b>2.2 Gildandi skipulag á framkvæmdarsvæðinu</b> .....	<b>7</b>
<b>2.3 Landnotkun</b> .....	<b>7</b>
<b>2.4 Náttúruminjaskrá</b> .....	<b>8</b>
<b>2.5 Náttúrufar</b> .....	<b>8</b>
<b>2.5.1 Jarðfræði</b> .....	<b>8</b>
<b>2.5.2 Gróðurfar</b> .....	<b>9</b>
<b>2.5.3 Fjörur</b> .....	<b>9</b>
<b>2.5.4 Fuglalíf</b> .....	<b>9</b>
<b>2.5.5 Straumvötn</b> .....	<b>9</b>
<b>2.6 Menningarminjar</b> .....	<b>10</b>
<b>3. LÝSING FRAMKVÆMDAR</b> .....	<b>10</b>
<b>3.1 Leið 0 óbreytt ástand</b> .....	<b>11</b>
<b>3.2 Mögulegar leiðir og áfangaskipting</b> .....	<b>12</b>
<b>3.3 Vegtæknileg atriði</b> .....	<b>13</b>
<b>4. EFNISMÁL</b> .....	<b>13</b>

4.1	<b>Þekktar námur</b> .....	13
5.	<b>AÐFERÐAFRÆÐI, UNDIRBÚNINGUR OG RANNSÓKNIR</b> .....	16
5.1	<b>Aðferðafræði</b> .....	16
5.2	<b>Undirbúningur</b> .....	16
5.3	<b>Rannsóknir</b> .....	16
5.3.1	<b>Veðurfar</b> .....	16
5.3.2	<b>Jarðfræði - Jarðmyndanir</b> .....	16
5.3.3	<b>Gróðurfar</b> .....	17
5.3.4	<b>Fjörur</b> .....	17
5.3.5	<b>Fuglalíf</b> .....	17
5.3.6	<b>Straumvötn</b> .....	17
5.3.7	<b>Efnisrannsóknir</b> .....	17
5.3.8	<b>Menningarminjar</b> .....	18
6.	<b>MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM - VINSUN</b> .....	18
7.	<b>KYNNING OG SAMRÁÐ</b> .....	19
7.1	<b>Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun</b> .....	19
7.1.1	<b>Kynningarfundur</b> .....	19
7.1.2	<b>Önnur kynning</b> .....	19
7.2	<b>Umsagnir – athugasemdir</b> .....	19
7.3	<b>Kynning á tillögu að matsáætlun</b> .....	20
7.3.1	<b>Sveitarstjórn</b> .....	20
7.3.2	<b>Landeigendur</b> .....	20
7.3.3	<b>Samráðsaðilar</b> .....	20
8.	<b>GÖGN OG HEIMILDIR</b> .....	20
8.1.	<b>Náttúrustofa Vestfjarða:</b> .....	20
8.2	<b>Vegagerðin:</b> .....	20
8.3.	<b>Stjórnsýsla:</b> .....	20
8.4.	<b>Annað:</b> .....	21
8.5.	<b>Athugasemdir</b> .....	21

## 0. INNGANGUR

Vegagerðin (Vg) leggur hér fram tillögu að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum vegna ný- og endurlagnar Vestfjarðavegar í Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandasýslu. Um er að ræða Vestfjarðaveg nr. 60 milli Bjarkalundar í Berufirði og Eyri í Kollafirði.

## 1. FRAMKVÆMDIN

Framkvæmdin nefnist Vestfjarðavegur nr. 60: Bjarkalundur – Eyri.

Framkvæmdin er á vegum Vegagerðarinnar. Hún annast hönnun framkvæmdarinnar og hefur eftirlit með því að verkið verði unnið samkvæmt hönnunargögnum og verklýsingum stofnunarinnar og þeim skilyrðum er kunna að verði sett við mat á umhverfisáhrifum og veitingu framkvæmdaleyfis. Náttúrustofa Vestfjarða er ráðgjafi við mat á umhverfisáhrifum og mun leggja til náttúrufarskafla matskýrslunnar og ritstýra henni.

### 1.1 Tilgangur framkvæmdarinnar

Framkvæmdin er liður í að framfylgja þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014, sem samþykkt var á Alþingi 13.03.2003. Samgönguáætlunin gerir ráð fyrir að ljúka uppbyggingu Vestfjarðavegar milli Bjarkalundar í Reykhólahreppi og Flókalundar í Vatnsfirði, á gildistíma áætlunarinnar. Áætlað er að verja 2,6 milljörðum á gildistíma áætlunarinnar til þessarar uppbyggingar.

Núverandi vegur um sunnanverðan Þorskafjörð var lagður um 1970. Vegurinn úr Þorskafjarðarbotni, út með Þorskafirði að vestan, yfir Hjallaháls og í botn Djúpafjarðar var lagður á fyrri hluta 9. árartugar síðust aldar. Vegurinn þar fyrir vestan, þ.e. á milli Djúpadals og Eyrar, var lagður á öndverðum 6. áratug síðustu aldar, sé tekið mið af hvenær brýr voru byggðar. Vegurinn um Hjallaháls hefur reynst vel með tilliti til snjóa, nema undir Mýrlendisfjalli. Vegurinn vestan Djúpadals hefur allur verið styrktur en engu að síður þarf að takmarka öxulþunga á þáartíma á þeim hluta hans. Vegurinn hefur verið mokaður vikulega undanfarin ár.

### 1.2 Markmið og afmörkun framkvæmdarinnar

Markmið framkvæmdarinnar eru bættar vegasamgöngur annars vegar innan Reykhólahrepps og hins vegar af Hringvegi vestur um til Vestur-Barðastrandasýslu og til norðanverðar Vestfjarða. Með vísun til samgönguáætlunar er áformað að leggja veg með bundnu slitlagi milli Bjarkalundar og Eyri. Veginum á að halda opnum að vetrarlagi og burðargeta hans á að fullnægja kröfum um leyfilega þyngd ökutækja samkvæmt viðauka I í reglugerð nr. 528/1998 um stærð og þyngd ökutækja.

Ekki er hægt að afmarka áhrifasvæði framkvæmdarinnar á þessu stigi og verður hún ekki afmörkuð fyrr en ljóst er hvaða leið verður farin milli téðra staða. Hins vegar verður veghelgunarsvæðið 40-60 m breitt, 20-30 m til hvorrar handar frá miðlinu vegar. Umferðargnýs mun gæta lengra frá vegi.

### 1.3 Leiðaval

Á milli Bjarkalundar og Eyrar hafa verið settar fram hugmyndir um sex höfuðleiðir, sem skarast mismikið. Þessar leiðir hafa verið nefndar Leiðir A, B, C, D, E, F. Við þessar höfuðleiðir eru einnig nokkrir valkostir.

Leið A liggur um Reykjanes og yfir Þorskafjörð frá Reykjanesi yfir í Skálanes og síðan með núverandi vegi inn Kollafjörð.

Leið B liggur út Þorskafjörð að vestanverðu, út í Hallsteinsnes, á Melanes með þverun Djúpa- og Gufufjarðar og síðan með núverandi vegi inn Kollafjörð.

Leið C liggur yfir Hjallaháls, fyrir Djúpafjörð, út fjörðin að vestanverðu og yfir Gufufjörð frá Grónesi á Melanes og síðan með núverandi vegi inn Kollafjörð.

Leið D liggur með núverandi vegi.

Leið E liggur eins og leið D, en í stað þess að fara fyrir Skálanes eru jarðgöng úr Gufufirði að Galtará í Kollafirði.

Leið F liggur eins og leið B, en farið er inn Gufufjörðinn og síðan í jarðgöngum úr Gufufirði að Galtará í Kollafirði.

Á leiðum B til F er möguleiki að fara fyrir Þorskafjörð eða yfir hann við Ytri-Vaðal.

Við frekari skoðun á þessum höfuðleiðum var leið A hafnað sökum hve dýr hún yrði í framkvæmd. Leiðum E og F var og hafnað sökum mikils framkvæmdakostnaðar og með hliðsjón af því að fjármagn til jarðagangnagerðar á þessu svæði fengist ekki á gildistíma samgönguáætlunarinnar. Af þessum ástæðum verður ekki fjallað frekar um leiðir A, E og F en öðru leyti en því að leið E er höfð með í samanburði á kostnaði. Benda má á að í umfjöllun í matsskýrslu um umhverfisáhrif á leið D verður farið yfir þau atriði sem skipta máli á leið E.

Hugsanlegar leiðir á 1. – 3. áfanga eru sýndar á meðfylgjandi uppdrætti, Vestfjarðavegur: Bjarkalundur-Eyri (T-1, Leiðir), í mælikvarða 1 : 50 000.

### 1.4 Skipting framkvæmdarinnar og matsskýrslu

Í kafla 3 í matsáætlun þessari er gerð grein fyrir þeim leiðum, sem taldar eru koma til greina. Um nokkrar aðalleiðir er að velja á milli Bjarkalundar og Eyrar, þ.e. tvær um Þorskafjörð og þrjár á milli Þórisstaða í Þorskafirði og Krakár utan Melaness í Gufufirði. Auk þess koma nokkrir kostir til greina við hverja leið.

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar verður lagt fram sem ein heild, en skipt í þrjá áfanga. Framkvæmdaraðili leggur því fram matsskýrslu í þremur áföngum með það að leiðarljósi að úrskurður Skipulagsstofnunar verði þrískiptur til að tafir um úrskurð á einum áfanga hindri ekki framkvæmdir á öðrum.

#### Áfangi 1: Bjarkalundur - Þórisstaðir

Um tvær leiðir er að ræða, leið fyrir Þorskafjörð og leið yfir Þorskafjörð við Ytri-Vaðal.

Leiðin fyrir Þorskafjörð, þ.e. núverandi vegur, er um 13,6 km löng og verður um óbreyttan veg að ræða enda búið að leggja bundið slitlag á liðlega helming kaflans. Leiðin yfir Þorskafjörð yrði um 4,1 km löng.

### Áfangi 2: Þórisstaðir – Kraká

Um þrjár leiðir er að ræða á milli Þórisstaða í Þorskafirði og Krakár utan Melaness í Gufufirði, þ.e. leiðir B, C og D.

Leið B liggur út Þorskafjörð að vestan, yfir mynni Djúpafjarðar og Gufufjarðar, upp á Melanes og vestur að Kraká. Leiðir C og D liggja um Hjallaháls og vestur að Miðhúsum í Djúpafirði. Leið C liggur út Djúpafjörð að vestan, upp á Melanes og vestur að Kraká. Leið D liggur yfir Ódrjúgsháls og niður á leirur í botni Gufufjarðar, út fjörðinn að vestan og að Kraká. Leiðirnar eru sýndar á yfirlitsupprætti T-1, Leiðir. Nokkrir kostir koma til greina við hverja leið og verður þeim gerð nánari skil í matsskýrslu.

Áfangar 2 og 3 skiptast um 1 km vestan við Kraká en örnefnið er látið ráða til hægðarauka (sjá nánar á yfirlitsupprætti T-1, Leiðir).

### Áfangi 3: Kraká – Eyri

Aðeins er um eina leið að ræða, leiðin Kraká – Eyri. Leiðin er sýnd á yfirlitsupprætti T-1, Leiðir. Enduruppbygging vegar á milli þessara staða er um 11,3 km en nýlögn er minni en 10 km löng. Nokkrir kostir koma til greina á ákveðnum hlutum áfangans og verður þeim gerð nánari skil í matsskýrslu.

## 1.5 Matsskylda

Með vísun til 5. og 6. greinar laga nr. 106/2000 og 1. viðauka þeirra, grein 10. ii. er skylt að meta umhverfisáhrif Framkvæmdarinnar. „Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.”

Framkvæmdaraðili telur rétt að fjalla um alla hluta Framkvæmdarinnar í matsskýrslu þannig að um samhengi verði að ræða. Áfangar 1 og 3 hefðu hugsanlega geta verið undanskyldir umhverfismati þar sem þeir ná ekki 10 km lengd.

## 1.6 Önnur leyfi

Framkvæmdin og efnistaka hennar vegna er háð framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. grein byggingar- og skipulagslaga með áorðnum breytingum (lög, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997, lög nr. 58/1999, lög nr. 117/1999, lög nr. 4/2000, lög nr. 170/2000, lög nr. 74/2001).

Auk framkvæmdaleyfis þarf að afla leyfa hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða til tímabundins atvinnureksturs, í þessu tilfelli fyrir vinnubúðum, steypustöðvum og verkstæðisaðstöðu sbr. reglugerð nr. 785/1999.

Það þarf heimild Fornleifaverndar ríkisins reynist nauðsynlegt að raska fornminjum (lög nr. 107/2001). Ennfremur þarf umsögn Breiðafjarðarnefndar (lög nr. 54/1995) og heimild Umhverfisstofnunar (lög nr. 164/2002), ef nauðsynlegt verður að raska

fjörum eða þvera firði.

## 1.7 Tímaáætlun

### 1.7.1 Framvinda

Tillaga þessi verður send Skipulagsstofnun til umsagnar í desember 2003.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist árið 2004 og þeim gæti lokið árið 2008. Verkinu mun verða skipt í nokkra áfanga í útboði, en þeir hafa ekki verið skilgreindir.

### 1.7.2 Matsferli

Þess er vænst að matsáætlun verði samþykkt í byrjun árs 2004. Gert er ráð fyrir að skýrsla um mat á umhverfisáhrifum Framkvæmdarinnar verði lögð fram á öðrum ársfjórðungi 2004.

Komi í ljós við matsgerðina, að einhverjar rannsóknir vanti, sem ekki er hægt að vinna fyrr enn sumarið 2004, mun framlögn skýrslunnar dragast, sem því nemur.

## 2. MÖGULEG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDARINNAR

Við mat á umhverfisáhrifum verður metið það landssvæði, sem framkvæmdin getur haft áhrif á, háð mismunandi leiðum, sem til greina koma. Engin áhrifasvæði eru þó sett inn á upprætti á þessu stigi málsins.

### 2.1 Staðhættir

Staðhættum er lýst vel í Árbók Ferðafélags Íslands 1959 og hér eru nokkrar lýsingar úr bókinni: „Þorskafjörðurinn er um 16 km að lengd frá Hallsteinsnesi að Kollabúðaleyrum. Innsti hlutinn hans kemur upp á fjörum og er lágsjavarvað frá eyri neðan við Skóga að Múla. Út með firðinum að vestan er landið víða gróið, birkikjarr víða og myndarlegur skógur er heitir Teigskógur. Á milli Þorskafjarðar og Djúpafjarðar er Hjallaháls og eru melar og blásið land algengast þar. En yfir sumarið skarta sumir melar blómagörðum; gul melasól, hvít holtasóley o.fl. Djúpifjörður er þröngur fjörður og í fjarðarmynninu eru margar litlar eyjar sem hálfloka firðinum. Hlíðarnar eru víða vel grónar og er þar víða birkiskógur. Gufufjörður er lítill og mjög grunnur fjörður og kemur hann allur upp á stórstraumsfjöru. Grösugt og búsaeldarlegt er í kringum Gufufjörðinn. Frá Gufufirði liggur leiðin til Kollafjarðar fyrir Skálanes. Við Skálanes er víðast hömrótt í brúnum og brattlent, en vel gróið hið neðra.”

### 2.2 Gildandi skipulag á framkvæmdarsvæðinu

Í gildi er svæðisskipulag Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu 1992-2012, staðfest 4. janúar 1996. Í svæðisskipulagsupprættinum er sýnd lega fyrirhugaðs vegar milli Þórisstaða og Melaness, lega óviss. Þessi leið er álíka og leið B. Í greinagerðinni, kafla 9.1, lið 9 segir hins vegar: „Þverun Gufufjarðar og hugsanlega Djúpafjarðar, lega óviss.” Ekki verður séð að núverandi vegur skuli lagður af. Að öðru leiti er framkvæmdin í öllum megin atriðum í fullu samræmi við svæðisskipulagið.

### 2.3 Landnotkun

Landnotkun er skilgreind í svæðisskipulagi Dalasýslu og Austur-Barðarstrandarsýslu. Framkvæmdin, samkvæmt tillögum Vegagerðarinnar, breytir litlu sem engu um

fyrirhugaða landnotkun á svæðinu. Í svæðisskipulaginu er hins vegar gert ráð fyrir að framtíðarlega Vestfjarðavegar (leið B) liggi um verndarsvæði, annars vegar um náttúruverndarsvæðið á vesturströnd Þorskafjarðar og um verndarsvæði samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar hvað varðar þverun Þorska-, Djúpa- og Gufufjarðar. Sjá kafla 2.4 hér á eftir. Standlengjan milli Galtarár og Eyrar í Kollafirði er og skilgreind sem verndarsvæði í svæðisskipulaginu.

Að öðru leiti liggur núverandi Vestfjarðavegur að mestu um opin og óbyggð svæði og að hluta til um svæði skilgreind fyrir blandaða landnotkun þar með talin orlofs- og sumarbústaðasvæði og landbúnaðarsvæði.

Í greinargerðinni með svæðisskipulaginu eru Djúpa- og Gufudalsár taldar til hlunninda viðkomandi jarða vegna silungsveiði. Æðarvarp er í sjávarhólum við Grónes og við Skálanes.

## 2.4 Náttúruminjaskrá

Í Náttúruminjaskrá (1996) eru eftirtalin svæði á skrá:

### Þorskafjörður

„Norðurströnd [Vesturströnd] Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafirði, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu. (1) Fjörur, fitjar og sjávertjarnir frá Teigsskógum að Grónesi. Auk þess skóglendi á norðurströnd Þorskafjarðar milli Teigsskóga og Hallsteinsness. (2) Viðlendar og lífauðugar fjörur með miklu fuglalífi. Þéttur skógur og gott sýnishorn af landslagi við norðanverðan Breiðafjörð.”

### Önnur friðuð svæði

„Breiðafjörður, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, A- og V-Barðastrandarsýsla. Eyjar og fjörur eru verndaðar með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Stærð svæðisins sem löggin ná til er um 20.000 ha.”

## 2.5 Náttúrufar

### 2.5.1 Jarðfræði

Berggrunnur Vestfjarða (sem nú er ofan sjávarborðs) hlóðst upp úr ótalmörgum hraunlögum fyrir um 16 til 10 milljónum ára. Að auki eru ummerki um nokkrar dreifðar megineldstöðvar sem hlóðust upp mun hraðar en meðalupphleðsla svæðisins og trónuðu yfir umhverfi sitt, þar til dreifð sprungugos í nágrenninu höfðu hlaðið berglögum upp að þeim. Töluverð ummyndun er því í hraunlögum á öllu því svæði.

Með kólnandi loftslagi síðla á tertíertíma (fyrir um 3 milljónum ára) fóru að myndast jöklar til fjalla, sem síðar flæddu eftir lægðum milli þeirra til strandar og rufu nokkra megin dali og firði. Síðla á ísöld og á síðasta jökulskeiði virðist jökull hafa legið á hálendi Vestfjarða (Glámujökullinn) og teygt sig niður í fjarðarbotna. Ummerki um jökulskrið frá Glámuhálendinu sjást víða á svæðinu.

Frá því að jöklar hörfuðu í lok síðasta jökulskeiðs (fyrir um 10.000 árum) hafa ár verið ráðandi afl í landmyndun á Íslandi. Meðan jöklar voru að hopa streymdi fram gríðarlegt magn af vatni sem bar með sér mikið af framburði. Sjávarstaða var þá mun hærri en hún er í dag og sjást þess víða merki. Eftir að jöklar hurfu fór land að lyftast



vegna flotjafnvægisshreyfinga. Við það hækkuðu rofmörk ána og rofmáttur þeirra jókst. Ár hafa flæmst í þúsundir ára um dalbotnana og látið af sér gríðarlegt magn af framburði. Víða eru framhlaup á svæðinu. Við ströndina eru berggangar áberandi, en leirupollar á milli.

Landslag er fjölbreytt og af einstökum jarðmyndunum má nefna Grónesborgir og Skálaneshraun.

### 2.5.2 Gróðurfar

Mjög mismunandi, er eftir leiðum, hversu mikið rask verður á gróðri.

Leið B fer í gegnum Teigsskóg í vestanverðum Þorskafirði, sem er einn stærsti samfelldi birkiskógurinn á Vestfjörðum.

Við leið C verður nokkuð rask út með vestanverðum Djúpafirði, utan núverandi vegar yfir Ódrjúgsháls. Innst á þeirri leið er vöxtulegur birki- og víðiskógur en utar gras- og blómlendi.

Verði leið D valin verður rask við Ódrjúgsháls Gufufjarðarmegin og einnig uppi á hálsinum. Nokkuð er um votlend svæði á þeirri leið en að mestu er um að ræða lyngmóa og lágvaxið kjarr og hrís.

Fundarstaðir fjögurra tegunda, sem eru á valista, eru í grennd við framkvæmdarsvæðið

### 2.5.3 Fjörur

Í Þorskafirði og Djúpafirði eru sandmaðksleirur, þangfjörur, marhálmsengjar og klettaskikar með leiruskikum á milli. Í Gufufirði eru aðallega sandmaðksleirur.

### 2.5.4 Fuglalíf

Á svæðinu eru margskonar búsvæði fyrir fugla og fuglalíf því fjölbreytt. Það fjarar langt út í þessum fjörðum og eru leirurnar gjöfular. Fuglalífið er mest á leirunum á vorin (umferða- og varpfuglar) og síðsumars (umferða-, varpfuglar og ungar). Af umferðafuglum eru það rauðbrystingur og tildra, sem nýta sér Djúpafjörð og Gufufjörð í talsverðum mæli en lítið sem ekkert er af rauðbrysting fyrir innan Múla í Þorskafirði. Ekki er mikið um annað votlendi en einhverjar tjarnir eru út á Hallsteinsnesi.

Talsverður birkiskógur er í þessum fjörðum og er þar mikið fuglalíf.

Lítið er af æðarfugli í Gufufirði en eitthvað af honum í Djúpa- og Þorskafirði. Æðafuglinn verpur á sjávarhólmum fyrir utan firðina og út á Skálanesi.

Það sem getur skaðað fuglalíf er fyrst og fremst skerðing á leirum eða breyting á vatnsskiptum og umtalsvert rask á birkiskógi, mólendi, fjörutjörnum og skerjum.

### 2.5.5 Straumvötn

Framkvæmdir munu hafa einhver áhrif á Djúpadalsá og Gufudalsá. Báðar árnar eru fiskveiðiár og því hlunnindi viðkomandi jarða.

## 2.6 Menningarminjar

Reykhólahreppur var áður fimm hreppar, Geiradals-, Reykhóla-, Gufudals, Múla- og Flateyjarhreppur. Framkvæmdarsvæðið er í fyrrum Reykhóla- og Gufudalshreppi. Í þeim voru í upphafi 20. aldar 53 býli í byggð en í dag eru mörg þeirra komin í eyði. Framkvæmdarsvæðið er að mestu leiti innan hins forna Gufudalshrepps.

Í Gufudalshreppi fundust heimildir fyrir 497 minjastöðum. Flestir þessara staða eru við eða nálægt bæjarstæðum. Því má búast við að aðeins lítill hluti minjastaðanna séu við tilvonandi vegstæði og má gróft áætla að um 8% minjastaða séu við vegstæðin eða um 39 staðir.


Samkvæmt heimildum hófst byggð á svæðinu um 900 og því má búast við búsetumínum frá mismunandi tímum. Heimildakönnun benti til þess að allnokkuð gæti verið um minjar frá upphafi byggðar, þá sérstaklega á Hallsteinsnesi milli Þorska- og Djúpafjarðar og á Grónesi milli Djúpa- og Gufufjarðar.

Við heimildakönnun var ekkert sem benti til þess að friðlýstum fornminjum stafaði hættu af framkvæmdum í hugsanlegum vegstæðum. Einu friðlýstu minjarnar, sem eru nálægt vegstæði eru tóftir Grímkelsstaða í Þorskafirði.

## 3. LÝSING FRAMKVÆMDAR


Núverandi Vestfjarðavegur um Reykhóla- og Gufudalssveit liggur fyrir Þorskafjörð, yfir Hjallaháls, út Djúpafjörð, yfir Ódrjúgsháls, um Brekkubarm, fyrir Gufufjörð og síðan fyrir Skálanes inn í Kollafjörð.

Framkvæmdinni er skipt í þrjá áfanga, sbr. kafla 1.4. Á áfanga 1 er valið um tvær leiðir, í áfanga 2 koma 3 leiðir til greina, leiðir nefndar B, C og D og í áfanga 3 er um eina leið að ræða. Kostnaðarmat þessara leiða ásamt leið E, á verðlagi janúar 2002, er sýnt á mynd 1.



Mynd 1. Kostnaður leiða á áfanga 2 að viðbættum ætluðum kostnaði við áfanga 1 og 3.

Lengd leiðanna frá vegamótum Vestfjarðavegar og Reykhólasveitavegar að Eyri í Kollafirði er sýnd á línuriti 2.



Mynd 2. Vegalengdir á núverandi vegi og á leiðum á áfanga 2 að viðbættum áfanga 1 og 3.

Við kostnaðarmat leiðanna hefur verið miðað við brúarlengdir samkvæmt töflu 1. Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir fullum vatnaskiptum við fjarðarþveranir.

Tafla 1. Brúarlengdir (m) eftir leiðum.

Vatnsfall	Brúarlengdir í m		
	Leið B	Leið C	Leið D
Þverun Þorskaðfjarðar	170	170	170
Þverun Djúpaðfjarðar	140		
Þverun Gufufjarðar	100	100	
Djúpadalsá		30	30
Gufudalsá			20
<b>Samtals brúalengd</b>	<b>410</b>	<b>300</b>	<b>220</b>

Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir áfangaskiptingunni og leiðum.

### 3.1 Leið 0 óbreytt ástand

Núverandi vegur um sunnanverðan Þorskaðfjörð var lagður um 1970. Vegurinn úr Þorskaðfjarðarbotni, út með Þorskaðfirði að vestan, yfir Hjallaháls og í botn Djúpaðfjarðar var lagður á fyrri hluta 9. ártugar síðustu aldar.

Vegurinn um Hjallaháls er talinn vel nothæfur með smávægilegum breytingum Djúpadalsmegin. Vegurinn hefur reynst vel með tilliti til snjóá, nema undir Mýrlendisfjalli.

Núverandi vegur úr Djúpadal inn í Kollafjörð var lagður um 1950. Vegurinn hefur allur verið styrktur en engu að síður þarf að takmarka öxulþunga á þáartíma á þeim hluta hans. Vegurinn hefur verið mokaður vikulega undanfarin ár.

Þessi vegur er barn síns tíma og algjörlega ófullnægjandi, á köflum krókóttur og mjög brattur, einkum um Ódrjúgsháls. Þessi kostur kemur því ekki til greina, en segja má að leið D feli í sér endurbyggingu núverandi vegar, á núverandi vegstæði þar sem það er nothæft.

### 3.2 Mögulegar leiðir og áfangaskipting

Hér er gerð grein fyrir leiðum og áfangaskiptingunni.

#### Áfangi 1

Um tvær leiðir er að ræða, fyrir Þorskafjörð eða yfir Þorskafjörð.

##### *Fyrir Þorskafjörð*

Leiðin er núverandi vegur næstum óbreyttur. Bundið slitlag, einbreitt að vísu, er á liðlega helming leiðarinnar. Fyrirhugaðar eru minniháttar lagfæringar við blindhæðina milli Bjarkalundar og Kinnarstaða.

##### *Yfir Þorskafjörð*

Um er að ræða nýjan veg frá Kinnarstöðum, yfir Þorskafjörð um Ytri-Vaðal og inn á núverandi veg við Þórisstaði. Gert er ráð fyrir að vegurinn yfir fjörðinn liggji rétt utan raflínunnar (Vesturlínu), sem liggur yfir fjörðinn.

#### Áfangi 2

Fyrir þennan áfanga eru þrjár leiðir um að velja.

##### *Leið B*

Leiðin liggur frá Þórisstöðum út með Þorskafirði út í Hallsteinsnes, yfir mynni Djúpafjarðar, um Grónes, yfir mynni Gufufjarðar og upp á Melanes og að Kraká.

Vegur eftir þessari leið yrði vegtæknilega góður. Þetta er næst stysta mögulega leið að frátöldum leiðum með jarðgöngum. Leiðin frá Þórisstöðum yfir á Melanes er um svo til óraskað land þannig að um nokkur umhverfisspjöll hlýtur að verða að ræða. Meginhluti leiðarinnar fer um verndarsvæði, sbr. kafla 2.3 og 2.4 hér að framan.

##### *Leið C*

Leiðin liggur frá Þórisstöðum yfir Hjallaháls, út með Djúpafirði að vestan, út á Grónes, yfir mynni Gufufjarðar og upp á Melanes og að Kraká. Kaflinn frá botni Djúpafjarðar að Kraká yrði vegtæknilega góður. Þessi kaflur liggur, nánast allur, um óraskað land.

##### *Leið D*

Leiðin liggur frá Þórisstöðum yfir Hjallaháls, um Djúpaförð, yfir Ódrjúgsháls og yfir leiruna í botni Gufufjarðar, út með Gufufirði að vestan og að Kraká.

Þetta er sú leið sem liggur næst núverandi vegi af þeim leiðum, sem upp eru taldar.

#### Áfangi 3

##### *Kraká – Eyri*

Þessi leið fylgir núverandi vegstæði að mestu, nema fyrir Skálanesið og ofan

Kleifastaða.

### 3.3 Vegtæknileg atriði

Núverandi vegur er seinfarinn. Víða eru mjög krappar beygjur eða lykkjur, mjög brattar brekkur, einkum á Ódrjúgshálsi, og mjög blint. Burðarþol vegarins er óviðunandi. Vegurinn er snjóléttur, nema kafli undir Mýrlendisfjalli, milli Krossgilja og Djúpaldalsár. Snjóflóðahætta er undir Brekkubarmi í Gufufjarðarbotni.

Hönnunarhraði nýja vegarins, samkvæmt tillögu Vegagerðarinnar um legu hans, verður 90 km/klst. Þetta markmið næst þó ekki um Hjallaháls þar sem ekki er á döfinni að breyta þeim vegi nema undir Mýrlendisfjalli. Vegurinn um Hjallaháls var lagður með 9 % langshalla, nema undir Mýrlendisfjalli, þar er langshalli á kafla um 12 %. Þetta er sá kafli vegarins um Hjallaháls, sem þarf að betrubæta.

Gert er ráð fyrir nýjum brúm á Djúpa- og Gufudalsá. Öll önnur vatnsföll verða leidd undir veg í ræsum. Brúarlengdir í hugsanlegum fjarðarþverunum munu miðast við óbreytt vatnsskipti.

## 4. EFNISMÁL

Mikið magn jarðefna þarf til framkvæmdarinnar. Á framkvæmdarsvæðinu er mjög örðugt um berg til rofvarna, bæði hvað snertir veðrunarþol og grjótstærðir. Sama gildir um efni til efra burðarlags, bundins slitlags og steinsteypu.

Í matsskýrslu verður gerð ítarleg grein fyrir efnismálum. Í fyrsta lagi verður gerð grein fyrir efnisþörf og kröfum um eiginleika efna til hinna ýmsu laga í uppbyggingu vegar. Í öðru lagi verða tíundaðir mögulegir efnistökuastaðir og hvaða jarðmyndanir sé þar um að ræða. Í þriðja lagi verður gerð grein fyrir rannsóknnum á magni og gæðum og lögð fram tillaga um efnistöku. Í fjórða og síðasta lagi verða lagðar fram áætlanir um hvernig efnistöku skuli hagað og hvernig gengið skuli frá efnistöku. Fjallað verður um efnismál einstakra leiða í matsskýrslunni.

### 4.1 Þekktar námur

Í greinargerð með svæðisskipulagi Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu er nokkuð fjallað um námur. Aðeins er ein náma nefnd á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, þ.e. malarhjallar í Gufudal og talið að þar sé að finna efni í steinsteypu. Vegagerðin efast um að efnið standist kröfur stofnunarinnar um steinefni í steinsteypu.

Í töflu 2 eru taldar upp hugsanlegar námur, sem nýttar yrðu við framkvæmdina. Hugsanlegar námur eru sýndar á uppdrætti, Vestfjarðavegur Bjarkalundur-Eyri (T-2, Námur). Námur 24, 25, 26 og 25 eru utan framkvæmdarsvæðisins og eru því ekki sýndar á uppdrættinum, T-2, Námur.

Tafla 2. Yfirlit um hugsanlegar námur.

Númer á yfirlitsupprætti	Námuheiti	Aths.
1	Bergskering sunnan Þorskafjarðar	
2	Eyrar Þorskafjarðar- og Músarár	
3	Áreyrar í mynni Þorgeisdals	
4	Bergskering innan Þórisstaða	
5	Melur milli Þórisstaða og Búlkár	
6	Melur innan Grímkelsstaða	
7	Grjótnám á Hallsteinsnesi	
8	Melanes	
9	Framhlaup í vestanverðum Djúpafirði	
10	Klettarani í utanverðum Djúpafirði	
11	Skálaneshraun	
12	Skriður í vestanverðum Djúpafirði	
13	Eyrar Gufudals- og Álftadalsár	
14	Framhlaup í vestanverðum Gufufirði	
15	Melar við Brekkuá	
16	Kleifastaðamelur	
17	Skriður í Kollafirði	
18	Tangi innan Galtarár	
19	Eyrar Djúpadalsár	
20	Berg á Hjallahálsi	
21	Berg á Ódrjúgshálsi	
22	Utan Krakár	
23	Framburðarkeila Galtarár	
24	Framburðarkeila Eyrrár	
25	Eyrar Múlaár í Kollafirði	Utan korts
26	Króksfjarðarnes	Utan korts
27	Grjót ofan Skáldstaða í Berufirði	Utan korts
28	Grjót í Gufufjarðarbotni	
29	Grjót við Kleifastaði	

#### 4.2 Ætluð efnisþörf og efnistaka

Í töflu 3 er sýnd ætluð efnisþörf mismunandi áfanga og mismunandi leiða. Hér er um mjög grófar tölur að ræða. Tekið skal fram að mismunur á heildarefnisþörf og efnisþörf úr námum kemur úr ætluðum skeringum.

Tafla 3: Ætluð efnisþörf í hvern áfanga háð leiðum.

Leið	Áfangi 1.		Áfangi 2.		Áfangi 3.	
	Heildarþörf þús m <sup>3</sup>	Úr námum þús m <sup>3</sup>	Heildarþörf þús m <sup>3</sup>	Úr námum þús m <sup>3</sup>	Heildarþörf þús m <sup>3</sup>	Úr námum þús m <sup>3</sup>
Fyrir Þorskafjörð	70	35				
Yfir Þorskafjörð	385	130				
Leið B			855	310		
Leið C			610	145		
Leið D			715	295		
Kraká - Eyri					410	150

Í texta hér á eftir verður gerð nokkur en ónákvæm grein fyrir helstu efnistökusvæðum. #n vísar til númers viðkomandi námusvæðis á yfirlitsupprætti T-2, Námur og í töflu 2.

### Áfangi 1

Í leiðina „fyrir Þorskafjörð“ þarf um 35 þús m<sup>3</sup> efnis úr námum. Miðað er við að efni í yfirbyggingu fáiast að hluta til í opinni námu við Króksfjarðarnes, #26, og að hluta til úr eyrum Þorskafjarðar- og Músarár, #2. Fyllingarefni fæst meðfram vegi.

Í leiðina „yfir Þorskafjörð“ þarf um 130 þús m<sup>3</sup> efnis úr námum. Engin náma liggur vel við þessari þverun. Á þessu stigi má þó ætla að að 50 þús m<sup>3</sup> fáiast úr Þorgeirsdal, #3, auka megi skeringar sunnan fjarðar, #1, um 30 þús m<sup>3</sup>, vestan fjarðar, #4, um 30 þús m<sup>3</sup> og fá megi 20 þús m<sup>3</sup> neðan vegar, #5, milli Þórisstaða og Búlkár. Miðað er við að grjót í rofvarnir fáiast ofan Skáldstaða, #27.

### Áfangi 2

Í leið B þarf um 310 þús m<sup>3</sup> efnis úr námum. Gert er ráð fyrir að fá megi megi 20 þús m<sup>3</sup> neðan vegar, #5, milli Þórisstaða og Búlkár. Úr námusvæði #6, mel innan Grímkeilsstaðaár, er gert ráð fyrir að megi fá um 30 þús m<sup>3</sup>. Sjónmat bendir til að fá megi nægjanlegt grjót í rofvarnir á Hallsteinsnesi, #7, eða um 75 þús m<sup>3</sup>. Úr Melanesi, #8, yrði tekið a.m.k. 90 þús m<sup>3</sup>. Úr Skálaneshrauni, #11, mætti taka það sem á vantar, eða um 215 þús m<sup>3</sup>. Svæði #10 og #29 koma og til greina sem grjótnámur.

Á leiðum C, og D um Hjallaháls, er miðað við að berg, #20, fullnægi allri efnisþörf. Um nokkra staði er að ræða.

Í leið C, vestan Hjallaháls, þarf um 145 þús m<sup>3</sup> efnis úr námum. Allt grjót, eða 40 þús m<sup>3</sup> yrði tekið úr svæði #10. Auðveldlega má taka 40 þús m<sup>3</sup> úr skriðum, #12, og þremur framhlaupum, #9. Það sem á vantar yrði tekið úr Melanesi, #8, og/eða Skálaneshrauni, #11. Ennfremur kemur svæði #19 til greina. Svæði #29 kemur og til greina sem grjótnáma.

Í leið D, vestan Hjallaháls, þarf um 295 þús m<sup>3</sup> efnis úr námum. Fá má 20 þús m<sup>3</sup> úr skriðu, #12, 60 þús m<sup>3</sup> við Brekkuá, #15. Úr framhlaupi, #14, a.m.k. 60 þús m<sup>3</sup>. Úr eyrum Gufudals- og Álftadalsár, #13, mætti fá 40 þús m<sup>3</sup>, það sem á vantar yrði tekið úr Melanesi, #8, og/eða Skálaneshrauni, #11. Ennfremur koma svæði #28, #19, #21 og #22 til greina

### Áfangi 3

Í þessa leið þarf um 150 þús m<sup>3</sup> efnis úr námum. Engin vandræði eru með efni í þennan áfanga. Nefna má Melanes, #8, Skálaneshraun, #11, Kleifastaðamel, #16, skriður, #17 og innan Galtarár, #18, þar er aðallega rofvarnarefni. Ennfremur koma svæði #23, #24 og #25 til greina.

## **5. AÐFERÐAFRÆÐI, UNDIRBÚNINGUR OG RANNSÓKNIR**

### **5.1 Aðferðafræði**

Til að meta umhverfisáhrif ákveðinnar framkvæmdar þarf að afla ýmissa gagna um áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Grunnöggn eru kort og skriflegar heimildir. Einnig er nauðsynlegt að afla gagna með rannsóknum fáist ekki nauðsynlegar upplýsingar í þegar útgefnum heimildum eða gagnagrunnum. Gera verður ráð fyrir að flestar athuganir verði að fara fram að sumri til. Ýmislegt má þó kanna að vetri til, hamli snjóalög ekki slíkum athugunum. Á grunni athugana og gagnasöfnunar þeim tengdum verða til rannsóknaskýrslur og/eða greinargerðir. Slíkar skýrslur sýna hvaða ástand ríkir á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Þá verða ætluð áhrif framkvæmdarinnar á svæðið borin saman við ríkjandi ástand. Fæst þá annað hvort huglægt eða reiknað mat á áhrifunum.

Unnið er í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð nr. 671/2000. Einnig er farið eftir alþjóðlegum viðmiðunarreglum, stöðlum og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar, ef þær eru til staðar.

### **5.2 Undirbúningur**

Þessi framkvæmd er búin að vera lengi á umræðustigi. Fyrst var fjallað um hana í álitargerð Vegagerðarinnar „Tenging Inn-Djúps“ frá 1976. Málið hefur síðan verið í stöðugri umræðu, einkum á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga og þá með þingmönnum Vestfjarðakjördæmisins. Flestir, líklega allir, landeigendur eru vel upplýstir um þessa umræðu og þær leiðir, sem rætt hefur verið um. Unnið hefur verið að botnathugunum í Gufufirði, bæði hvað varðar brúargerð í mynni fjarðarinnar svo og samkvæmt leiðum D.

### **5.3 Rannsóknir**

Drög að tillögu þessari að matsáætlun hafa verið lengi í vinnslu og til umfjöllunar. Framkvæmdaraðili ákvað, að öll sú gagnaöflun í mörkinni, sem talin var nauðsynleg til að rannsaka og meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, færu fram vor, sumar og haust 2003. Í kafla 1.7.2 Matsferli í tillögu þessari að matsáætlun kemur fram að vanti eitthvað á gagnaöflun, sem ekki er hægt að vinna fyrir enn sumarið 2004, mun framlögn skýrslunnar dragast.

#### **5.3.1 Veðurfar**

Frá sjálfvirkum veðurathugunarstöðvum (t.d. á Ennishálsi, Steingrímsfjarðarheiði, Tröllatunguheiði, Gilsfirði, Klettshálsi og Kleifaheiði og e.t.v. fleiri stöðvum) liggja fyrir og berast stöðugt upplýsingar (data) um veðurhæð og hitastig. Þessi gögn má nýta til samanburðar á veðurfarspáttum á framkvæmdarsvæðinu. Slíkur samanburður er fyrir hendi. Hann var unninn við mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar milli Eyrar í Kollafirði og Vattarness.

#### **5.3.2 Jarðfræði - Jarðmyndanir**

Framkvæmdarsvæðið verður skoðað með tilliti til jarðmyndana.

Í matsskýrslu verður fjallað almennt um jarðfræði svæðisins svo og um merkar og/eða sjaldgæfar jarðmyndanir, er kunna að finnast á framkvæmdarsvæðinu.



### 5.3.3 Gróðurfar

Framkvæmdasvæðið hefur verið skoðað m.t.t. gróðurs. Gagnaöflun hefur farið fram, en úrvinnsla og mat fer fram á fyrri hluta ársins 2004. Gerð verður grein fyrir gróðri, birtar skrár yfir tegundir blómplantna og byrkninga á mismunandi svæðum og gróðurhverfi teiknuð inn á kort. Athugað verður hvað er til af gögnum hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og þau nýtt eins og kostur er.

Allir þeir staðir, þar sem frávik eru mikil, verða skoðaðir sérstaklega eins og í vestanverðum Hjallahálsi, umhverfis Skálanes og í Þorskafirði, fitjar og flæðimýrar í botnum Djúpafjarðar og Gufufjarðar. Einnig verður fjallað sérstaklega um gróðurfar efnistökusvæða.

Sérstaklega verður hugað að fundarstöðum tegunda, sem eru á valista og eru í grennd við Framkvæmdarsvæðið.

Teigsskógur í vestanverðum Þorskafirði, er einn stærsti samfelldi birkiskógurinn á Vestfjörðum. Leið B fer í gegnum skóginn. Áhrif þess verður metin og gert verður grein fyrir útbreiðslu birkiskóga á sunnaverðum Vestfjörðum.

Hugsanleg langtímaáhrif vegagerðarinnar verða tíunduð, einkum með hliðsjón af áhrifum framkvæmdarinnar á gróðurfar.

### 5.3.4 Fjörur

Til eru mjög góðar upplýsingar um fjörur og leirur í Þorskafirði, Djúpafirði og Gufufirði (Agnar Ingólfsson 1976). Til viðbótar verða fjörur skoðaðar þar sem fyrirhugaðar leiðir hafa mest áhrif.

### 5.3.5 Fuglalíf

Svæðinu verður skipt í undirsvæði með einsleitu fuglalífi og gerð verður grein fyrir fuglum á hverju undirsvæði. Fuglalíf er athugað í þremur ferðum; vorferð (umferðafuglar o.fl.), sumar (varpfuglar) og haustferð (ungar, umferðafuglar og fellistöðvar). Hugsanleg langtímaáhrif framkvæmdarinnar á fuglalífið verða rædd og sérstaklega tekið tillit til þess sem sérstakt getur talist eða sjaldgæft. Til eru upplýsingar um fugla og fjörur í Gilsfirði, Kollafirði, Skálmafirði o.fl. sem nýtast til samanburðar á þessum fjörðum. Einnig er til skýrsla um fjörurannsókn í þessum fjörðum og þar eru nefndar hvaða fuglategundir sáust.

Fjallað verður ítarlega um fugla að vori og nýtingu þeirra á fjörusvæðum, varpfugla og búsvæði þeirra og fugla að hausti og hvaða svæði þeir nýta til fæðu og til að fella fjaðrir.

Arnarvarp er á framkvæmdasvæðinu og verður það athugað.

### 5.3.6 Straumvötn

Gert verður búsvæðamat í Djúpadals- og Gufudalsá. Einnig verða athuguð fiskseiði og smádyralíf.

### 5.3.7 Efnisrannsóknir

Frumathuganir hafa verið gerðar á efnismálum. Meðal annars hefur verið hugað að

hentugu bergi til rofvarna og til mölunar í efra burðarlag og slitlag. Viða er mikið magn fyllingarefnis og efnis í neðra burðarlag að finna á framkvæmdarsvæðinu.

Gerð verður grein fyrir rannsóknum og niðurstöðum þeirra á öllum athugunum á mögulegum stöðum til efnisnáms til nýtingar við gerð mannvirkisins. Mögulegir efnistökuastaðir verða tíundaðir.

Fjallað verður um gróðurfar efnistökusvæða, efnisgerð, áætlað heildarmagn og hve mikið efni verði þar tekið og síðast en ekki síst um tilhögun efnistöku og frágang að henni lokinni. Í þessu sambandi ber þó að hafa í huga að framkvæmdaraðili telur bæði illt og rangt að fara í nákvæmar efnisrannsóknir með tilheyrandi borunum, sprengingum, greftri og tilheyrandi raski, á óhreyfðu landi. Þetta á einkum við um vesturströnd Þorskafjarðar (leið B) og Djúpafjarðar (leið C). Á þessum svæðum verður því einungis um sjónmat á hugsanlegum námum að ræða.

### 5.3.8 Menningarminjar

Allar fornminjar á svæðinu verða merktar inn á nákvæm kort og þeim lýst. Verkinu er skipt í tvo hluta, svæðisskráningu og deiliskráningu. Í fyrsta hluta verður farið í heimildir, s.s. örnefnaskrár og jarðabækur, og leitað heimilda fyrir mögulegum minjastöðum. Loks verður framkvæmdasvæðið deiliskráð, þ.e. gengið verður um allt tilvonandi framkvæmdasvæði og allar minjar í eða við vegstæðið mældar upp, staðsettar með GPS staðsetningartæki, ljósmyndaðar og teiknaðar. Í lokin verður lagt mat á þá hættu sem mismunandi fornminjum stafar af framkvæmdum.

## 6. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM - VINSUN

Meginatriðin, sem fjallað verður um í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, eru fjögur. Í fyrsta lagi áhrif framkvæmdarinnar til skemmri og lengri tíma á náttúrufar. Fjallað verður um gróðurfar svæðisins, fuglalíf, lífríki fjörusvæða og vatnafar svæðisins. Í öðru lagi áhrif náttúrufars svæðisins á val vegstæðis og rekstur mannvirkisins. Fjallað verður um veðurhæð, snjókomu og skafrenning og áhrif þeirra þátta ásamt landslaginu á val vegstæðis. Í þriðja lagi verður fjallað um fornminjar og áhrif þeirra á val vegstæðis. Í fjórða og síðasta lagi verður fjallað um efnismál, einkum um námur, skeringar og jarðrask og áhrif þeirra á val vegstæðis. Varðandi þá kosti, sem raunhæfir teljast, eru eftirtalin umhverfisáhrif talin skipta mestu.

### Leið B

Birkiskógur (Teigskógur) í Þorskafirði verður fyrir umtalsverðu raski. Skerðing verður á fjörum fyrir mynni Djúpa- og Gufufjarðar. Tjarnir á Hallsteinsnesi gætu orðið fyrir raski. Þveranir miðast við óbreytt eða mjög litla breytingu á vatnskiptum. Leirur og fjörusvæði innan þveranna ættu því ekki að verða fyrir áhrifum. Talsvert er um fornminjar á svæðinu.

### Leið C

Birkiskógur í Djúpafirði mun verða fyrir einhverju raski. Leiran í Gufufirði er mjög flöt en með óbreyttum vatnsskiptum mun þverunin hafa lítil sem engin áhrif. Skerðing verður á fjörum þar sem þverunin verður. Þó nokkuð er af fornminjum út á Grónesinu.

### Leið D

Nokkurt rask verður við lagfæringar á beygjum en áhrif ættu að vera lítilsháttar. Innsti

hluti leirunnar eða sjávarfitjar verða fyrir skerðingu í Gufufirði. Þessi skerðing gæti haft áhrif á fugla- og smádýralíf.

## 7. KYNNING OG SAMRÁÐ

### 7.1 Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun

Drög að tillögu að matsáætlun voru auglýst og gerð aðgengileg á netinu og send til ýmissa aðila.

#### 7.1.1 Kynningarfundur

Kynningarfundur, opið hús, um drög að tillögu að matsáætlun fór fram í Bjarkalundi 2. september og á Patreksfirði 3. september 2003. Framkvæmdaaðili tók saman fundargerðir um þessa fundi sem hafa verið hafðar til hliðsjónar.

#### 7.1.2 Önnur kynning

Drög að þessari tillögu að matsáætlun, ásamt yfirlitsuppdraetti í mælikvarða 1:50.000, voru send sveitarstjórn Reykhólahrepps.

### 7.2 Umsagnir – athugasemdir

Athugasemdir við drögin bárust frá Reykhólahreppi, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. Einnig komu athugasemdir frá eigendum sumarhúsa í landi Miðhúsa. Þessar athugasemdir hafa verið hafðar til hliðsjónar. (Sjá kafla 8, lista yfir athugasemdir).

Athugasemdir þær, sem fram komu við umfjöllun um drög að tillögu að matáætlun, voru nær eingöngu að þrennum toga:

1. Sveitarfélögin og fjöldi einstaklinga gagnrýndu harðlega að drögnum væri einungis áformað að fjalla um leiðir C og D í mati á umhverfisáhrifum.

Í þessari tillögu hefur verið komið til móts við þessa gagnrýni og leið B verið tekin með ásamt þverun Þorskafjarðar. Hefur Reykhólahreppi verið kynnt þetta með bréfi (Sjá kafla 8, lista yfir athugasemdir).

2. Í gagnrýni sinni fullyrtu sveitarstjórnir ofangreindra sveitarfélaga að starfsmenn Vegagerðarinnar á Vestfjörðum væru óhæfir til að fjalla um vegaframkvæmdir í Barðastrandarsýslum. Samgönguráðuneytinu bárust athugasemdir sveitarfélaganna.
3. Gagnrýni einstaklinga, land- og sumarhúsa eigenda var að mestu byggð á misskilningi á matsáætlun annars vegar og mati á umhverfisáhrifum hins vegar. Megin gagnrýni þeirra beindist að ákveðnum leiðum og að þessi eða hinn kosturinn væri ekki nefndur í matsáætluninni. Haft verður samráð hvað varðar mismunandi kosti í matsvinnunni og gert grein fyrir því í matsskýrslu.

### 7.3 Kynning á tillögu að matsáætlun

Þessi tillaga að matsáætlun, ásamt yfirlitsuppdraetti, verða aðgengileg á heimasíðu Vegagerðarinnar (<http://www.vegag.is/>). Auk þess mun tillagan liggja frammi á völdum stöðum.

#### 7.3.1 Sveitarstjórn

Sveitarstjórn Reykhólahrepps verður kynnt framkvæmdin og óskað eftir samstarfi við val á námum og ábendingum um útfærslu á vegarstæði.

#### 7.3.2 Landeigendur

Við mat á umhverfisáhrifum verður landeigendum sent bréf, þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru kynntar, ásamt uppdraetti (í mælikvarða 1:5 000) af fyrirhuguðu vegarstæði og áhrifasvæði vegar um land hvers og eins.

#### 7.3.3 Samráðsaðilar

Veitustofnunum, þ.e. Orkubúi Vestfjarða, Landsvirkjun og Landsímanum verða kynntar fyrirhugaðar framkvæmdir. Ennfremur verður framkvæmdin kynnt Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með vísun til vatnsbóla og Veiðimálastjóra vegna veiðiaá.

## 8. GÖGN OG HEIMILDIR

### 8.1. Náttúrustofa Vestfjarða:

- a) Fuglaathuganir í Kolla-, Gufu-, Djúpa- og Þorskafirði. Óbirt gögn.
- b) Fjörurannsóknir í Gufu-, Djúpa- og Þorskafirði. Óbirt gögn.
- c) Gróðurfar í Kolla-, Gufu-, Djúpa- og Þorskafirði. Óbirt gögn.
- d) Fornleifakönnun fyrir Kolla-, Gufu-, Djúpa- og Þorskafjörð. Svæðisskráning.
- e) Athuganir á Djúpadals- og Gufudalsá í samstarfi við Veiðimálastofnun. Óbirt gögn.

### 8.2. Vegagerðin:

- a) Ný kort, myndmældar loftmyndir.
- b) Umferðartalningar.
- c) Stefnumörkun í umhverfismálum.
- d) Vegstaðall, 2001.
- e) Alverk'95, Almenn verklýsing 1995.
- f) Uppdrættir.
- g) Tenging Inndjúps, 1976.

### 8.3. Stjórnsýsla:

- a) Samgönguáætlun.
- b) Langtímaáætlun. 2. júní 1998.
- c) Vegalög, nr. 45/1994.
- d) Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.
- e) Skipulags- og byggingalög, nr. 73/1997, sbr lög nr. 135/1997, lög nr. 58/1999, lög nr. 117/1999, lög nr. 4/2000, lög nr. 170/2000, lög nr. 74/2001).
- f) Reglugerð nr. 785/1999.

**8.4. Annað:**

- a) Náttúruminjaskrá. 1996. Náttúruvernd ríkisins.
- b) Agnar Ingólfsson. 1976. Forkönnun á lífríki Gilsfjarðar, Þorskafjarðar, Djúpafjarðar, Gufufjarðar og nærliggjandi fjarða. Líffræðistofnun Háskólans.
- c) Svæðisskipulag Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu 1992-2012.
- d) Árbók Ferðafélags Íslands 1959, Barðastrandarsýsla.
- e) Skógrækt ríkisins. Könnun á ástandi og útbreiðslu birkiskóga 1987-1991. Óbirt gögn.

**8.5. Athugasemdir**

- a) Reykhólahreppur, dagsett 20.08.2003.
- b) Vesturbyggð, dagsett 13.08.2003.
- c) Tálknafjarðarhreppur, dagsett 13.08.2003.
- d) Össur Stefánsson, eigandi sumarhúss í landi Miðhúsa, dagsett 08.05.2003.
- e) Kristinn Gestsson o.fl., eigendur sumarhúss í landi Miðhúsa, dagsett 27.06.2003.
- f) Munnlegar athugasemdir frá Starfsmannafélagi Landhelgisgæslunnar.
- g) Bréf Vegagerðarinnar til Reykhólahrepps dagsett 9. október 2003.

Í matskýrslu verður getið allra heimilda, sem vitnað verður til.